

56. fundur fagráðs um siglingar

Dags. og staður: 26. maí 2026, kl. 11. Fundur haldinn hjá Samgöngustofu.

Viðstaddir: Páll Ægir Pétursson, formaður, Katrín Pálsdóttir (IRN), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Guðmundur Herbert Bjarnason (SFS), Rannveig Grétarsdóttir (Samtök ferðapjónustunnar), Halldór Arnar Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmþæknimanna), Gísli Jóhann Hallsson (Samband íslenskra sveitarfélaga), Bogi Þorsteinsson (Slysavarnaskóli sjómanna), Ásgrímur Lárus Ásgrímsson (LHG), Kristín Helga Markúsdóttir (Samgöngustofa), Greipur Gísli Sigurðsson (Vegagerðin).

Aðrir gestir: Þorsteinn Þorkelsson (SGS), Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir (SGS), Inga Rut Hjaltadóttir (Faxaflóahafnir), Tryggvi Eiríksson (skipstjóri á frystitogaranum Baldvini Njálssyni).

Dagskrá:

- Inga Rut Hjaltadóttir frá Faxaflóahöfnum: Dýpkun Sundahafnar
- Þorsteinn Þorkelsson (SGS): Styrkir til hugvitsmanna
- Bogi Þorsteinsson (slysavarnaskóli sjómanna): Lækningabók sjómanna
- Bogi Þorsteinsson (slysavarnaskóli sjómanna): Verndarfulltrúi skipa – bakgrunnsskoðun
- Tryggvi Eiríksson skipstjóri á frystitogaranum Baldvini Njálssyni fjallar um æfingar og öryggismál um borð, einnig öryggisstefnu fyrirtækisins
- Umsögn Hafnasambands Íslands um Samgönguáætlun.
- Önnur mál

Dýpkun Sundahafnar

Inga Rut Hjaltadóttir frá Faxaflóahöfnum kynnir

Kærð var ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 12. nóvember 2025 um að breyting á framkvæmdinni „Þróun Sundahafnar“ skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Niðurstaða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála var að fella úr gildi ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 12. nóvember 2025. Byggðist niðurstaðan á því að ekki hefðu verið gefin út nein leyfi á grundvelli umhverfismats vegna þróunar Sundahafnar sem fór fram árin 2021-2022 og því voru ekki talin skilyrði til að fara með erindi framkvæmdaraðila sem breytingu á framkvæmd skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 111/2021. Framkvæmdaraðil hefði átt að hefja feril umhverfismats að nýju.

Í raun eru framkvæmdir við dýpkun í Sundahöfn því komnar á byrjunarreit.

Ráðið ákvarðar að upplýsa innviðaráðherra um málið þar sem núverandi ástand í Sundahöfn er talið ógn við öryggi siglinga verði ekki farið í dýpkunarframkvæmdir fljótlega.

Styrkir til hugvitsmanna

Þorsteinn Þorkelsson (SGS) kynnir

Alls bárust 5 umsóknir um styrki til hugvitsmanna að þessu sinni. Allar umsóknir voru metnar af sérstökum vinnuhópi á grundvelli fyrirliggjandi matsskjals. Niðurstaða vinnuhópsins, sem samþykkt var af ráðinu, er eftirfarandi:

- Hrafnaspark ehf. – Rekakkerisvinda – 1.250.000kr.
- Sigríður Guðmunda Ólafsdóttir – Endurmenntun í fjarskiptum á sjó – 1.250.000kr.

Lækningabók sjómanna

Bogi Þorsteinsson frá Slysavarnaskóla sjómanna kynnir

Aðeins 20 eintök eru eftir af bókinni sem verður ekki endurútgefin. Skip með lyfjakistu A eða B skulu annað hvort hafa meðferðis bókina eða app sem heitir Mariners Guide, en upplýsingar í því appi eru aðeins aðgengilegar á norsku og ensku.

Ráðið afgreiðir málið á þann veg að appið á norsku og ensku ásamt möguleikanum á því að fá samband við þyrlulækni á vakt í gegnum vaktstöðu siglinga í alvarlegustu tilfellum sé fullnægjandi með tilliti til öryggis sjófarenda.

Verndarfulltrúi skipa

Bogi Þorsteinsson frá Slysavarnaskóla sjómanna kynnir

Áður en umsækjanda er veitt heimild til að sitja námskeið fyrir verndarfulltrúa hjá Slysavarnaskóla sjómanna þarf viðkomandi skv. lögum um siglingavernd nr. 50/2004 að sæta bakgrunnsathugun. Skólinn gefur svo út heimild með 5 ára gildistíma til þessara aðila að námskeiðinu loknu.

Bogi bendir á að í sumum löndum sé í boði að sitja slík námskeið án þess að sæta bakgrunnsathugun og heimildir hafi ekki gildistíma.

Samgöngustofa bendir á að til þess að aðili geti starfað sem verndarfulltrúi í íslenskri höfn þarf samþykki Samgöngustofu. Stofnunin samþykkir og hefur eftirlit með framkvæmd útgáfu heimildarinnar hjá Slysavarnaskóla sjómanna. Til þess að Samgöngustofa samþykki verndarfulltrúa með námskeið fá öðru ríki gengur stofnunin úr skugga um að sömu kröfur gildi um starf verndarfulltrúa í því ríki sem heimildin er gefin út af, þar með talið hvort bakgrunnsathugun hafi farið fram.

Sömu kröfur eru gerðar til verndarfulltrúa um borð í skipum sem sigla undir íslensku flaggi.

Æfingar og öryggismál um borð

Tryggvi Eiríksson, skipstjóri á frystitogaranum Baldvini Njálssyni, kynnir

Segir frá neyðaráætlun um borð í frystitogaranum Baldvini. Meginmarkmið neyðaráætlunar er að vernda mannlíf, tryggja skipulögð viðbrögð, draga úr tjóni og tryggja að allir viti sitt hlutverk þegar neyð skapast.

Hlutverkum er úthlutað til skipsmanna. Haldnar eru reglulegar æfingar, en eftirliti með framkvæmd æfinga af hendi stjórnvalda og eftirlitsaðila kann að vera ábótavant.

Alda appið er notað til að halda utan um æfingar og þeim hefur fjölgað eftir að það var tekið í notkun.

Umsögn Hafnasambands Íslands um Samgönguáætlun

Björn Arnaldsson frá Hafnasambandi Íslands kynnir

Björn kynnti fyrir ráðsmönnum umsögn Hafnasambands Íslands um verkefni Hafnabótasjóðs í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun. Ráðsmenn samþykkja eftirfarandi bókun:

Fagráð um siglingar bendir á umsögn Hafnasambands Íslands frá febrúar 2026, varðandi tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun, og tekur undir ábendingar Hafnasambandsins varðandi framlög í Hafnabótasjóð en í umsögninni kemur m.a. eftirfarandi fram:

Hafnasamband Íslands fagnar því að lögð sé fram langtíma samgönguáætlun sem fjallar með markvissum hætti um siglingamálefni og hafnir. Hafnir eru grunninnviðir fyrir útflutning og innflutning, fiskveiðar og vinnslu, ferjusamgöngur, ferðaþjónustu og orkuskipti í sjóflutningum, auk þess sem þær gegna vaxandi hlutverki í öryggis- og viðbúnaðarkerfi landsins.

Í fylgigögnum tillögu til þingsályktunar er dregið fram að viðhaldspörf hafnarmannvirkja sé víða veruleg og að framlög ríkisins til fjármögnunar viðhalds sé langt frá því að standa undir raunverulegri viðhaldspörf hafna. Hafnasambandið telur því brýnt að áætlunin tryggji aukna fjármögnun þannig að unnt sé að vinna á viðhaldsskuld, efla öryggi og auka getu hafna til að mæta nýjum kröfum. Ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að auka fjárframlög til öryggis- og varnarmála og í því samhengi nefnt að hluti af þeim fjárframlögum séu til uppbyggingu innviða. Hafnir gegna þar gífurlega mikilvægu hlutverki og er eðlilegt að tryggja aukna fjármuni til uppbyggingar og viðhalds hafna.

Þá kemur fram í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun að við undirbúning áætlunarinnar hafi hafnir sótt um framlag til framkvæmda fyrir um 50 milljarða kr. á tímabili áætlunarinnar. Þar af gæti framlag ríkissjóðs numið allt að 22 milljörðum kr. Framlag ríkissjóðs til nýrra hafnaframkvæmda að frádregnum hafnaframkvæmdum á eldri áætlun er um 6,1 milljarður kr. og því er nauðsynlegt að forgangsraða hafnaframkvæmdum í samgönguáætlun.

Önnur mál

Fundi slitið 13:20. Um síðasta fund vetrarins var að ræða og verður næsti fundur boðaður í lok sumars eða í haust.